


Hafnarfjarðarbær  
Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/9 2015
Málsnr:	1305167
Bréfæl:	512

Reykjavík, 18. september 2015  
Tilvísun: 201401100 / 3.4

### Efni: Deiliskipulag fyrir Miðbæ Hraun vestur , Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 7. september 2015, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag fyrir Miðbæ Hraun vestur til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 17. júlí 2015. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 2. september 2015 ásamt umsögn skipulags- og byggingarsviðs um framkomnar athugasemdir, dags. 25. ágúst 2015.

Deiliskipulagið nær til 22 ha svæðis sem er að hluta nýtt deiliskipulag og að hluta endurskoðun á deiliskipulagi Miðbæjar 1981. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði og opin svæði fyrir utan lóð Fríkirkjunnar og lóð gamla Lækjarskóla sem skilgreindar eru sem samfélagsþjónusta. Nokkur hverfisverndarsvæði eru innan afmörkunar deiliskipulagsins. Í greinargerð er húsaskrá Bygðasafns Hafnarfjarðar 2015.

Deiliskipulag Einarsreits er innan deiliskipulagssvæðisins og verður óbreytt. Deiliskipulagsáætlanir sem eru í gildi innan svæðisins ásamt breytingum verða hluti nýs deiliskipulags.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. apríl 2015 og á uppdætti í mkv. 1:2000 dags. apríl 2015.

Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð í umfjöllun um fjölgun íbúða á bls. 1 þarf að vísa til reglna sveitarfélagsins um bílastæði og jafnframt þarf að geta framangreindra reglna í niðurstöðu sveitarfélagsins á afgreiðslu deiliskipulagsins. Að því uppfylltu gerir stofnunin ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun lítur svo á að eftirtaldir deiliskipulagsbreytingar séu hluti af málsmeðferð deiliskipulags fyrir Miðbæ Hraun vestur, breyting á deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbæ 1981 þar sem felt er út það svæði sem er innan Miðbæjar Hraun vestur og deiliskipulag fyrir gatnamót Reykjavíkurveggar og Arnarhrauns þar sem lóð Arnarhrauns 2 verður innan umrædds deiliskipulags. Senda þarf Skipulagsstofnun framangreindar deiliskipulagsbreytingar til varðveislu.

  
Unnsteinn Gíslason